



Fréttatilkynning frá
skrifstofu forseta Íslands

FORSETI ÍSLANDS ÁVARPAR ÞING EVRÓPURÁÐSINS Í STRASSBORG

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, heldur á morgun til Frakklands þar sem hann ávarpar þing Evrópuráðsins í Strassborg og tekur þátt í dagskrá og tvíhliða fundum í tengslum við formennsku Íslands í ráðinu.

Megintilgangur ferðar forseta er ávarp á þingi Evrópuráðsins fimmtudaginn 27. apríl. Í kjölfar ávarpsins gefst þingmönnum tækifæri til að beina spurningum til forseta. Sama dag á forseti tvíhliða fundi með Tiny Kox, forseta Evrópuráðsþingsins, Mariju Pejčinović Burić, framkvæmdastjóra Evrópuráðsins og Dunju Mijatović, mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins. Einnig mun hann ræða við Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins.

Evrópuráðsþingið er kallað saman fjórum sinnum á ári. Þetta er annar fundur ársins og skipar Ísland þar veigamikinn sess. Auk forseta Íslands ávarpar Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir utanríkisráðherra þingið í vikunni. Þá verður sérstök umræða um fjórða leiðtogafund Evrópuráðsins sem haldinn verður í Reykjavík dagana 16.-17. maí næstkomandi.

Forseti kemur aftur til Íslands á föstudag.

25. apríl 2023

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Una Sighvatsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu forseta (895 8885).